

Sveitarfélagið Skagafjörður
Skagfirðingabraut 17
550 Sauðárkrókur

Reykjavík, 15. september 2021
UST202107-188/A.B.
10.04.02

Efni: Tillaga – Aðalskipulag Skagafjarðar 2020 – 2035 - Heildarendurskoðun

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Skagafjarðar er barst 20. júlí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar á tillögu að endurskoðun á aðalskipulagi sveitarfélagsins. Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi drög að endurskoðuninni dags. 11. september 2020.

Sérstaka verndin

Í greinargerð kemur fram að innan sveitarfélagsins eru vistkerfi sem falla undir 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. greinarinnar. Skv. 3. mgr. ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á að sunnan við Ketubjörg (AF2) eru svæði, Brimnesskógar (SL1), Viðvíkursveit (I1) og landgræðslusvæði inn í Holtsárdal, sem eru m.a. skilgreind á votlendissvæði. Auk þess kemur fram að framkvæmdir við Blöndulínu 3 gæti haft áhrif á votlendi.

Hægt er að sjá útbreiðslu votlendissvæðanna á kortasjá Náttúrufræðistofnunar Íslands <https://serstokvernd.ni.is/>

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veita saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúruyfyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Miklavatn

Í greinargerð kemur fram að Miklavatn er friðlýst samkvæmt náttúruverndarlögum. Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að samkvæmt 54. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd segir að „*Ef starfsemi eða framkvæmdir utan friðlýsts svæðis, sem leyfisskyldar eru samkvæmt öðrum lögum, geta haft áhrif á verndargildi friðlýsta svæðisins skal taka mið af því við ákvörðun um veitingu leyfis. Leita skal umsagnar Umhverfisstofnunar áður en leyfi er veitt. Setja má skilyrði til að koma í veg fyrir skaða af starfseminni eða framkvæmdunum á hinu friðlýsta svæði.*“

Skógræktarsvæði

Í greinargerð segir að við framkvæmdir á skógræktarsvæðum skuli tekið tillit til verndarsvæða, s.s. vegna náttúruverndar.

Umhverfisstofnun vill vekja athygli á að innan Brimsnesskóga (SL1) er víðfeðmt votlendissvæði sem fellur undir 61. gr. náttúruverndarlaga.

Að mati Umhverfisstofnunar mun skógrækt í votlendinu rýra lífríki og verndargildi svæðisins og því mikilvægt að mati stofnunarinnar að skógræktarsvæðið sé afmarkað á þann hátt að það rýri ekki verndarsvæði votlendisins.

Úrgangsmál

Umhverfisstofnun bendir á að umhverfis- og auðlindaráðuneytið hefur gefið út nýja stefnu um meðhöndlun úrgangs sem nefnist *Í átt að hringrásarhagkerfi*.¹

Þegar kemur að innleiðingu hringrásarhagkerfis í úrgangsmálum á Íslandi er um að ræða tvær stefnur ráðherra sem mynda sameiginlega heildarstefnu í úrgangsmálum. Annars vegar stefna um úrgangsförvarnir, sem kom út í fyrsta sinn árið 2016 undir heitinu *Saman gegn sóun*, og hins vegar stefnan um meðhöndlun úrgangs, *Í átt að hringrásarhagkerfi* sem kom út í júní 2021.

Sú stefna, *Í átt að hringrásarhagkerfi*, kemur í stað *Landsáætlunar um meðhöndlun úrgangs 2013–2024*, í samræmi við breytingar sem gerðar voru árið 2014 á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003.

Auk þess vill stofnunin benda á að í samræmi við breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs og í samræmi við 8. gr. reglugerðar nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs skulu sveitarfélög, eitt eða fleiri í sameiningu, gera svæðisáætlun um úrgangsmál sem fylgir ríkisstefnu um úrgangsförvarnir og meðhöndlun úrgangs.

¹ [Stefna um meðhöndlun úrgangs 2021-2032 090621.pdf \(stjornarradid.is\)](#)

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að skipulagsáætlunin taki tillit til ofangreindra stefna.

Vindorka

Á mynd 14.1 eru settar fram tillögur að svæðum sem henta vel að mati sveitarfélagsins fyrir nýtingu vindorku. Auk þess kemur fram að mikilvægt er að vindorkusvæði séu ekki m.a. nálægt mikilvægum fuglasvæðum og íbúðarbyggð.

Umhverfisstofnun bendir á að tillögurnar, sem settar eru fram á mynd 14.1, eru á svæðum sem eru skilgreind sem mikilvæg fuglasvæði. Skagi (<https://www.ni.is/node/16153>), sjófuglabyggð í Tindastóli (<https://www.ni.is/node/16189>), láglendi Skagafjarðar (<https://www.ni.is/node/16154>), Miklavatn sem friðland, svæði sem einkennist af miklu votlendi með miklu fuglalífi (<https://www.ust.is/nattura/natturuverndarsvaedi/fridlyst-svaedi/nordurland-vestra/miklavatn/>).

Umhverfisstofnun telur að vindorkugarðar á þessum svæðum geti haft neikvæð umhverfisáhrif í för með sér.

Fráveita

Í greinargerð er fjallað nokkuð ítarlega um fráveitumál í sveitarfélaginu. Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr. 798/1999. Stofnunin bendir á að í skólpi eru ekki einungis að finna lífræn efni og saurbakteríur, sem sjórinna eyðir og/eða dreifir, heldur getur einnig verið í skólpi úrgangur, örplast, hættuleg efni og lyfjaleifar sem geta haft neikvæð áhrif á lífríkið

Stjórn vatnamála

Umhverfisstofnun bendir á að nú er unnið að innleiðingu laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Markmið laganna er að vernda vatn og vistkerfi þess, hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar. Jafnframt er lögnum ætlað að stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtímavernd vatnsauðlindarinnar. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að tekið sé tillit til ákvæða laganna í tillögunni og vill stofnunin benda á vefsíðuna www.vatn.is.

Lögin ná yfir grunnvatn og allt yfirborðsvatn (þ.e. straumvötn, stöðuvötn, árósavatn og strandsjó, auk jökla). Þau mynda ramma utan um aðra löggjöf er varðar verndun vatns. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun en þessar áætlanir fóru í opinbera kynningu í desember 2020 og er áætlað að hún verði staðfest 2022. Settar hafa verið tvær reglugerðir, reglugerð nr. 935/2011 um stjórn vatnamála og reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Hægt er á sjá skilgreind vatnshlot á vefsíðunni <https://vatnshlotagatt.vedur.is/>.

Þungamiðjan í lögum um stjórn vatnamála er sú krafa að öll vatnshlot skulu vera í a.m.k. góðu vistfræðilegu ástandi (yfirborðsvatn), góðu efnafræðilegu ástandi (yfirborðsvatn og grunnvatn) og hafa góða magnstöðu (grunnvatn) ásamt þeirri kröfu að vatnsgæði rýrni ekki. Manngerð og mikið breytt yfirborðsvatnshlot skulu hafa gott vistmegin og efnafræðilegt ástand þeirra skal vera gott. Þetta eru þau umhverfismarkmið sem öll vatnshlot eiga að uppfylla.

Umhverfisstofnun bendir á að í 28. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála segir, þar sem fjallað er um réttaráhrif vatnaáætlunar, að opinberar áætlanir á vegum stjórnvalda,

svo sem vegna skipulagsmála, náttúruverndar, orkunýtingar og samgangna, skuli vera í samræmi við þá stefnumörkun um vatnsvernd sem fram kemur í vatnaáætlun. Við endurskoðun eða breytingu skipulagsáætlunar sveitarfélags skal, þegar við á, samræma skipulagsáætlunina vatnaáætlun innan sex ára frá staðfestingu vatnaáætlunar.

Virðingarfyllst

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Ísak Már Jóhannesson
sérfræðingur